

# Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga

---

Ársreikningur

---

2009

---

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga  
Sigtúni 42  
105 Reykjavík  
Kt. 491098-2529

# Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga

---

Ársreikningur

---

2009

## Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	2-4
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9-18
Kennitölur	19-24

---

# Skýrsla stjórnar

---

## Iðgjöld

Fjöldi einstaklinga sem áunnu sér réttindi í samtryggingardeildum sjóðsins (A og V deildir) á árinu 2009 voru 13.761 í A deild og 7.450 í V deild. Samsvarandi tölur fyrir árið 2008 voru 13.989 og 5.802. Að meðaltali greiddu 8.968 einstaklingar iðgjöld til A deildar á mánuði og 3.070 til V deildar. Iðgjöld í A deild námu 4.445 m.kr. og jukust um 12%. Iðgjöld í V deild námu 892 m.kr. og jukust um 20%.

Óvirkir sjóðfélagar í árslok voru 19.688 í A-deild og 14.006 í V-deild.

Í árslok 2009 voru 1.483 einstaklingar með samning um séreignasparnað (S deild) og hafði þeim fjölgað um 88 frá ársbyrjun. Iðgjöld í S deild námu 79 m.kr. sem er um 20% minna en á síðasta ári.

## Lífeyrir

Lífeyrir í A og V deildum nam 507 m.kr. á árinu 2009 og hækkaði um 36% á milli ára. Að meðaltali fengu 1.166 einstaklingar lífeyri á mánuði í A deild og 182 í V deild eða samtals 1.348 í samtryggingardeildum, samanborið við 1.110 árið áður. Fjölgun einstaklinga sem fá lífeyri er þannig 238.

## Ráðstöfunarfé, fjárfestingar og ávöxtun

Sjóðurinn ráðstafaði 16.284 m.kr. til lánveitinga og verðbréfaþaupa. Til sjóðfélaga voru veitt 72 lán samtals að fjárhæð 257 m.kr. eða 2% af fjárfestingum sjóðsins. Veðlán hafa lækkað verulega á milli ára en þau voru 882 m. kr. á árinu 2008. Lántakendum fækkaði um 142 frá 2008. Fjárfestingar skiptust þannig að verðbréf með breytilegum tekjum voru 5.168 m.kr. eða 32% og verðbréf með föstum tekjum 10.859 m.kr. eða 67%. Samsetning fjárfestinga er með þeim hætti að 79% er í íslenskum krónum og 21% í öðrum gjaldmiðlum og hefur þá ekki verið tekið tillit til gjaldmiðlasamninga.

Innlend hlutabréf skiluðu slakri ávöxtun á árinu og lækkaði úrvalsvísitalan um rúm 18%. Erlend hlutabréf skiluðu hins vegar góðri ávöxtun og hækkaði heimsvísitala hlutabréfa um 27% mælt í dollurum (USD) og um 32% mælt í íslenskum krónum (ISK). Ríkistrygð skuldabréf skiluðu góðri ávöxtun á árinu og á það bæði við um verðtrygð og óverðtrygð skuldabréf. Lítil velta var með aðra flokka íslenskra skuldabréfa.

Afkoma íslenskra lánastofnana sem og margra annarra fyrirtækja versnaði á árinu og var talið nauðsynlegt að auka niðurfærslu skuldabréfa enn frekar í varúðarskyni. Til viðbótar við niðurfærslu í ársbyrjun, sem nam 2.011 m.kr. nemur viðbótarniðurfærsla í árslok 932 m.kr. Ákveðinn hluti skuldabréfa að verðmæti 940 m.kr. var færður í sérstakan kröfusjóð, sem um 10 lífeyrissjóðir stofnuðu með Íslenskum verðbréfum hf. til að gæta hagsmuna sinna við fjárhagslega endurskipulagningu viðkomandi fyrirtækja og/eða lánastofnana, við nauðasamninga eða við gjaldþrotameðferð hjá skiptastjórum. Gengi þessara bréfa var lækkað eða fært niður á árinu um 44% eða 400 m.kr.

Lítið þokaðist á árinu í viðræðum við skilanefndir föllnu bankanna varðandi uppgjör á gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningum lífeyrissjóðanna. Bókfærð skuld sjóðsins við bankana er því sú sama og var í ársbyrjun eða 517 m.kr. miðað við gengisvísitöluna 175 eins og árið á undan. Gert er ráð fyrir að geta skuldajafnað 223 m.kr. þannig að nettó skuld er 294 m.kr.

Nafnávöxtun sjóðsins í heild var 10,1% og hrein raunávöxtun 1,4%. Sambærilegar tölur fyrir árið 2008 eru 2,4% nafnávöxtun og -12,0% raunávöxtun. Í kennitölum meðfylgjandi ársreiknings er að finna nánari upplýsingar um ávöxtun einstakra deilda og ára.

# Skýrsla stjórnar

---

## Hrein eign til greiðslu lífeyris

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam í árslok 40.997 m.kr. í sameignardeildum og 973 m.kr. í þremur leiðum séreignardeildar eða samtals 41.970 m.kr.. Nánari sundurliðun er að finna í ársreikningnum sjálfum.

## Rekstur

Á árinu 2009 nam rekstrarkostnaður sem hlutfall af hreinni eign í árslok 0,20% eins og árið á undan. Starfsmenn sjóðsins í árslok voru 10 talsins í 10 stöðugildum og hefur starfsmönnum fjölgað um 2 frá fyrra ári. Sjóðurinn hefur með höndum rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar, Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar, Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar og Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar. Í ársbyrjun 2010 var gengið frá samningi um rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar. Heildarfjárhæð launa, þóknana og annarra greiðslna til starfsmanna og stjórnar sjóðsins nam 73 m.kr. og hefur hækkað um 7% frá fyrra ári.

## Tryggingafræðileg athugun

Að mati Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings sjóðsins, voru heildarskuldbindingar A-deildar 106.390 m.kr. og endurmetnar heildar eignir 96.061 m.kr. í árslok 2009, samanborið við 94.130 m.kr og 84.911 m.kr. í árslok 2008. Heildarskuldbindingar V-deildar voru 20.986 m.kr. og endurmetnar heildar eignir 20.243 m.kr. í árslok 2009, samanborið við 16.932 m.kr. og 16.318 m.kr. í árslok 2008. Hlutfall heildar skuldbindinga umfram heildar eignir í árslok 2009 var þannig 9,7% fyrir A-deild og 3,5% fyrir V-deild, samaborið við 9,8% og 3,6% í árslok 2008.

Í töflu sem er hluti skýringa með ársreikningi er að finna frekari sundurliðun á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingadeilda.

## Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Það hafa engir atburðir orðið eftir uppgjörsdag sem hafa verulega þýðingu fyrir ársreikninginn umfram það sem greint hefur verið frá í skýringum með ársreikningi sjóðsins.

# Skýrsla stjórnar

---


## Álit

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á breytingu á hreinni eign lífeyrissjóðsins á árinu 2009, efnahag hans í árslok 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. apríl 2010.

## Í stjórn



Halldóra Friðjónsdóttir  
stjórnarformaður




Elín Björg Jónsdóttir



Garðar Hilmarrson



Gunnar Rafn Sigurbjörnsson



Karl Björnsson



Kristbjörg Stephensen

## Framkvæmdastjóri



Jón G. Kristjánsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, skýringar og kennitölur.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2009, efnahag hans 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Kópavogur, 7. maí 2010.

Deloitte hf.



Sigurður Páll Hauksson  
endurskoðandi

## Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2009

Skýr.	Sameign			Séreign				Samtals 2009	Samtals 2008	
	A deild	V deild	Samtals	Leið 1	Leið 2	Leið 3	Samtals			
<b>Iðgjöld</b>	8									
Iðgjöld sjóðfélaga .....	1.111.830.513	286.403.990	1.398.234.503	41.536.037	10.973.260	14.129.721	66.639.018	1.464.873.521	1.339.172.385	
Iðgjöld launagreiðenda .....	3.333.731.909	772.174.403	4.105.906.312	27.211.287	6.344.391	7.892.660	41.448.338	4.147.354.650	3.639.399.468	
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....	(675.448)	(166.640.228)	(167.315.676)	(87.387.695)	(7.793.448)	65.912.926	(29.268.217)	(196.583.893)	(138.819.568)	
	<u>4.444.886.974</u>	<u>891.938.165</u>	<u>5.336.825.139</u>	<u>(18.640.371)</u>	<u>9.524.203</u>	<u>87.935.307</u>	<u>78.819.139</u>	<u>5.415.644.278</u>	<u>4.839.752.285</u>	
<b>Lífeyrir</b>										
Lífeyrir .....	19	(487.450.056)	(19.578.655)	(507.028.711)	(100.678.881)	(26.599.424)	(52.027.382)	(179.305.687)	(686.334.398)	(400.340.270)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris .....		(958.957)	(106.822)	(1.065.779)	0	0	0	0	(1.065.779)	(393.450)
		<u>(488.409.013)</u>	<u>(19.685.477)</u>	<u>(508.094.490)</u>	<u>(100.678.881)</u>	<u>(26.599.424)</u>	<u>(52.027.382)</u>	<u>(179.305.687)</u>	<u>(687.400.177)</u>	<u>(400.733.720)</u>
<b>Fjárfestingartekjur</b>	9									
Tekjur af eignarhlutum .....	20	9.852.890	(16.317.293)	(6.464.403)	13.789	1.729	0	15.518	(6.448.885)	(905.025.855)
Vaxtatekjur og gengismunur .....	21	3.229.252.551	421.583.979	3.650.836.530	101.797.796	18.415.029	20.803.374	141.016.199	3.791.852.729	1.749.257.713
		<u>3.239.105.441</u>	<u>405.266.686</u>	<u>3.644.372.127</u>	<u>101.811.585</u>	<u>18.416.758</u>	<u>20.803.374</u>	<u>141.031.717</u>	<u>3.785.403.844</u>	<u>844.231.858</u>
<b>Fjárfestingargjöld</b>	10									
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(18.335.124)	(2.180.395)	(20.515.519)	0	0	0	0	(20.515.519)	(16.681.618)
Önnur fjárfestingargjöld .....		(33.712.584)	(4.009.068)	(37.721.652)	(1.221.299)	(234.730)	0	(1.456.029)	(39.177.681)	(11.392.399)
		<u>(52.047.708)</u>	<u>(6.189.463)</u>	<u>(58.237.171)</u>	<u>(1.221.299)</u>	<u>(234.730)</u>	<u>0</u>	<u>(1.456.029)</u>	<u>(59.693.200)</u>	<u>(28.074.017)</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>	10									
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(72.348.357)	(8.603.596)	(80.951.953)	(100.000)	(100.000)	(100.000)	(300.000)	(81.251.953)	(66.726.471)
Hækkun á hreinni eign á árinu .....		7.071.187.337	1.262.726.315	8.333.913.652	(18.828.966)	1.006.807	56.611.299	38.789.140	8.372.702.792	5.188.449.935
Hrein eign frá fyrra ári .....		<u>29.191.535.807</u>	<u>3.471.428.998</u>	<u>32.662.964.804</u>	<u>693.944.699</u>	<u>126.762.438</u>	<u>113.293.509</u>	<u>934.000.646</u>	<u>33.596.965.450</u>	<u>28.408.515.515</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris .....		<u>36.262.723.144</u>	<u>4.734.155.313</u>	<u>40.996.878.456</u>	<u>675.115.733</u>	<u>127.769.245</u>	<u>169.904.808</u>	<u>972.789.786</u>	<u>41.969.668.242</u>	<u>33.596.965.450</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2009

Skýr.	Sameign			Séreign				Samtals 31.12.2009	Samtals 31.12.2008	
	A deild	V deild	Samtals	Leið 1	Leið 2	Leið 3	Samtals			
<b>Fjárfestingar</b>	10 - 14									
Húseignir og lóðir .....	22	134.297.785	17.532.786	151.830.571	0	0	0	0	151.830.571	494.319
<i>Aðrar fjárfestingar</i>										
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	23	10.756.480.592	1.404.275.392	12.160.755.983	273.566.232	39.728.078	0	313.294.310	12.474.050.293	10.964.232.167
Verðbréf með föstum tekjum .....	25	17.999.629.821	2.349.879.870	20.349.509.691	391.925.641	86.436.943	0	478.362.584	20.827.872.275	13.099.241.338
Veðlán .....	27	5.276.132.427	688.807.354	5.964.939.781	0	0	0	0	5.964.939.781	6.012.672.501
Bankainnistæður .....		1.418.042.572	185.127.679	1.603.170.251	0	0	171.991.166	171.991.166	1.775.161.417	2.487.602.624
		35.450.285.412	4.628.090.295	40.078.375.706	665.491.873	126.165.021	171.991.166	963.648.060	41.042.023.766	32.563.748.630
		35.584.583.197	4.645.623.081	40.230.206.277	665.491.873	126.165.021	171.991.166	963.648.060	41.193.854.337	32.564.242.949
<b>Kröfur</b>	17									
Kröfur á launagreiðendur .....	29	303.026.942	39.560.642	342.587.584	793.963	47.010	53.375	894.348	343.481.932	375.720.043
Aðrar kröfur .....		4.134.188	539.725	4.673.913	0	0	0	0	4.673.913	23.202.496
		307.161.130	40.100.367	347.261.497	793.963	47.010	53.375	894.348	348.155.845	398.922.539
<b>Aðrar eignir</b>										
Sjóður og veltiúnlán .....		399.336.798	52.134.044	451.470.842	17.663.857	3.515.751	0	21.179.608	472.650.450	652.173.430
<b>Eignir samtals</b>		36.291.081.125	4.737.857.492	41.028.938.616	683.949.693	129.727.782	172.044.541	985.722.016	42.014.660.632	33.615.338.918
<b>Viðskiptaskuldir</b>	18									
Aðrar skuldir .....		28.357.981	3.702.179	32.060.160	8.833.960	1.958.537	2.139.733	12.932.230	44.992.390	18.373.468
<b>Skuldir samtals</b>		28.357.981	3.702.179	32.060.160	8.833.960	1.958.537	2.139.733	12.932.230	44.992.390	18.373.468
Hrein eign til greiðslu lífeyris .....		36.262.723.144	4.734.155.313	40.996.878.456	675.115.733	127.769.245	169.904.808	972.789.786	41.969.668.242	33.596.965.450



# Sjóðstreymi ársins 2009

Skýr.	Sameign			Séreign				Samtals 2009	Samtals 2008
	A deild	V deild	Samtals	Leið 1	Leið 2	Leið 3	Samtals		
<b>Inngreiðslur</b>									
Iðgjöld .....	4.798.829.063	570.672.077	5.369.501.140	(18.637.846)	9.524.203	87.935.307	78.821.664	5.448.322.804	4.755.850.296
Fjárfestingartekjur.....	1.421.176.273	169.004.898	1.590.181.171	8.253.301	1.279.381	20.803.374	30.336.056	1.620.517.227	-38.385.327
Afborganir verðbréfa.....	892.796.716	106.170.516	998.967.232	19.169.638	3.759.926	0	22.929.564	1.021.896.796	2.153.498.119
Seld verðbréf með breytilegum tekjum.....	3.952.265.306	469.999.540	4.422.264.845	334.806.747	88.099.527	0	422.906.274	4.845.171.119	19.660.818.414
Seld verðbréf með föstum tekjum.....	2.960.021.181	352.002.835	3.312.024.016	73.589.922	24.197.551	0	97.787.473	3.409.811.489	5.968.626.329
Aðrar inngreiðslur.....	15.995.832	1.902.209	17.898.041	5.826.439	1.424.710	776.101	8.027.250	25.925.291	806.960
	<u>14.041.084.372</u>	<u>1.669.752.074</u>	<u>15.710.836.445</u>	<u>423.008.201</u>	<u>128.285.298</u>	<u>109.514.782</u>	<u>660.808.281</u>	<u>16.371.644.726</u>	<u>32.501.214.791</u>
<b>Útgreiðslur</b>									
Lífeyrir.....	(454.094.066)	(54.000.424)	(508.094.490)	(100.678.881)	(26.599.424)	(52.027.382)	(179.305.687)	(687.400.177)	(400.733.720)
Fjárfestingargjöld.....	(52.047.708)	(6.189.463)	(58.237.171)	(87.073)	(48.447)	0	(135.520)	(58.372.691)	(26.500.761)
Rekstartkostnaður án afskrifta.....	(70.020.800)	(8.326.805)	(78.347.605)	(1.134.226)	(186.283)	0	(1.320.509)	(79.668.114)	(61.449.437)
	<u>(576.162.574)</u>	<u>(68.516.692)</u>	<u>(644.679.266)</u>	<u>(101.900.180)</u>	<u>(26.834.154)</u>	<u>(52.027.382)</u>	<u>(180.761.716)</u>	<u>(825.440.982)</u>	<u>(488.683.918)</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu .....	<u>13.464.921.798</u>	<u>1.601.235.382</u>	<u>15.066.157.179</u>	<u>321.108.021</u>	<u>101.451.144</u>	<u>57.487.400</u>	<u>480.046.565</u>	<u>15.546.203.744</u>	<u>32.012.530.873</u>
<b>Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting</b>									
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum .....	(4.531.347.086)	(534.218.079)	(5.065.565.165)	(83.931.803)	(18.599.173)	0	(102.530.976)	(5.168.096.141)	(18.191.880.770)
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum .....	(9.395.567.628)	(1.117.311.749)	(10.512.879.376)	(264.272.980)	(81.656.834)	0	(345.929.814)	(10.858.809.190)	(10.335.303.441)
Ný veðlán og útlán .....	(229.973.746)	(27.348.254)	(257.322.000)	0	0	0	0	(257.322.000)	(1.529.845.960)
Lækkun (hækkun) á bankainnistæðum .....	688.100.381	81.828.227	769.928.608	0	0	(57.487.400)	(57.487.400)	712.441.208	(1.652.285.990)
Húseignir og lóðir .....	(137.579.750)	(16.360.850)	(153.940.600)	0	0	0	0	(153.940.600)	0
	<u>(13.606.367.829)</u>	<u>(1.613.410.704)</u>	<u>(15.219.778.533)</u>	<u>(348.204.783)</u>	<u>(100.256.007)</u>	<u>(57.487.400)</u>	<u>(505.948.190)</u>	<u>(15.725.726.723)</u>	<u>(31.709.316.161)</u>
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum .....	(141.446.032)	(12.175.322)	(153.621.354)	(27.096.762)	1.195.137	0	(25.901.625)	(179.522.979)	303.214.712
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun .....	<u>540.782.829</u>	<u>64.309.367</u>	<u>605.092.196</u>	<u>44.760.619</u>	<u>2.320.614</u>	<u>0</u>	<u>47.081.233</u>	<u>652.173.429</u>	<u>348.958.717</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok .....	<u>399.336.797</u>	<u>52.134.045</u>	<u>451.470.842</u>	<u>17.663.857</u>	<u>3.515.751</u>	<u>0</u>	<u>21.179.608</u>	<u>472.650.450</u>	<u>652.173.429</u>

## I) Starfsemi

### 1. **Almennt**

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (LSS) var stofnaður með samningi BHM, BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hefur til þess fullgilt starfsleyfi, sem gefið var út 8. desember 1998. Sjóðurinn rekur tvær samtryggingadeildir (A og V) og eina séreignardeild (S).

### 2. **A deild**

Almenn deild sem veitir föst réttindi óháð aldri (L 680). Nýir starfsmenn sveitarfélaga sem aðild eiga að LSS og eru félagsmenn í einhverju aðildarfélagi BHM eða BSRB gerast sjálfkrafa sjóðfélagar í A deild. Réttindi eru fyrirfram ákveðin og iðgjald 4% af heildarlaunum. Iðgjald launagreiðanda er hins vegar breytilegt (nú 12%) og aðlagð að því að standa á hverjum tíma undir réttindum sjóðfélaga. Deildin veitir rétt til elli-, örorku-, maka- og barnalífeyris. Miðað er við að taka ellilífeyris hefjist við 65 ára aldur, en getur hafist við 60 ára aldur gegn skerðingu.

### 3. **V deild**

Valdeild sem veitir aldurstengd réttindi. Deildin er opin þeim sem fá laun eða þóknun frá sveitarfélögum eða stofnunum þeirra og þeim sem ekki hafa skylduáðild að lífeyrissjóð. Iðgjald ræðst af kjara- og ráðningarsamningi. Lágmarksidgjald er 12% þar sem sjóðfélagi greiðir 4% og launagreiðandi 8% (L 685). Mótframlag launagreiðanda starfsmanna aðildarfélaga BHM og BSRB er hins vegar 11,5% (L 683). Réttindi sjóðfélaga ráðast af iðgjöldum, ávöxtun þeirra og aldri við innborgun. Deildin veitir rétt til elli-, örorku-, maka- og barnalífeyris. Miðað er við að taka ellilífeyris hefjist við 65 ára aldur, en getur hafist við 60 ára aldur gegn skerðingu.

### 4. **S deild**

Séreignardeild sem tekur við viðbótarsparnaði. Deildin er öllum opin. Fjárhæð iðgjalda er frjálst og mynda þau séreign sjóðfélaga ásamt ávöxtun, en að frádrögnum rekstrarkostnaði. Inneign erfist við andlát. Almenna reglan er að heimilt er að hefja útborgun við 60 ára aldur. Frá árinu 2009 hefur hins vegar verið heimilt að fá greiddan hluta séreignarsparnaðar, samkvæmt sérlögum þar um.

## II) Reikningsskilaaðferðir

### 5. **Grundvöllur reikningsskilanna**

Ársreikningur Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga fyrir árið 2009 er gerður í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjármaálefirlitsins nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

### 6. **Skipting á milli A og V deilda**

Sjóðurinn rekur tvær samtryggingadeildir, A og V deild. Deildunum er stýrt eins og ef um eina væri að ræða og hafa þær sameiginlega fjárfestingarstefnu og eignastýringu. Við gerð ársreiknings er yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris skipt miðað við innborguð iðgjöld og greiddan lífeyri. Þannig fengin hrein eign til greiðslu lífeyris er síðan notuð við skiptingu efnahagsreiknings.

Skiptihlutföll A og V deilda eru 88,5% og 11,5% í árslok 2009, samanborið við 89,4% og 10,6% í ársbyrjun.

### 7. **Mat og ákvarðanir**

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

# Skýringar

---

## 8. Iðgjöld

Iðgjöld í sameign eru færð til tekna þegar skilgreinar hafa borist sjóðnum, óháð því hvort þau eru greidd eða ekki. Ógreidd iðgjöld í árslok eru færð til eignar sem kröfur á launagreiðendur.

Iðgjöld í séreign eru færð til tekna þegar þau hafa verið greidd til sjóðsins. Óinnheimt iðgjöld í árslok eru færð til eignar og skuldar.

## 9. Fjárfestingartekjur

Tekjur af eignarhlutum samanstanda af fengnum arði og breytingu á markaðsverði hlutabréfa, þ.m.t. vegna breytingu á gengi gjaldmiðla.

Vaxtatekjur og gengismunur samanstanda af vaxtatekjum og verðbótum af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, bankainnistæðum og ógreiddum iðgjöldum. Einnig af gengismun erlendra skuldabréfa og breytingu á markaðsverði hlutdeildarskírteina.

## 10. Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaði er skipt á milli fjárfestingargjalda og rekstrarkostnaðar eftir því hvort um er að ræða áætlaðan kostnað við fjárfestingar eða annan rekstur sjóðsins.

Önnur fjárfestingargjöld samanstanda af beinum kostnaði við fjárfestingar sjóðsins.

## 11. Húseignir og lóðir

Fasteign og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til uppsafnaðra afskrifta. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði. Afskriftarhlutföll greinast þannig:

Fasteign.....	2%
Innréttingar.....	25%
Tölvubúnaður.....	25%

## 12. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum samanstanda af hlutabréfum, hlutdeildarskírteinum og tengdum afleiðusamningum. Skráð hlutabréf og hlutdeildarskírteini eru færð til eignar á markaðsverði í árslok. Óskráð eru færð til eignar á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði í árslok.

## 13. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum samanstanda af skuldabréfum og öðrum verðbréfum með föstum vöxtum eða tiltekni vaxtvíðmiðun. Verðbréfin eru færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu. Í árslok er metin þörf á niðurfærslu og ef hún er talin nauðsynleg þá er bókfært verð fært niður í áætlað markaðsverð.

## 14. Veðlán

Veðlán samanstanda af skuldabréfum með veði í fasteignum. Þau eru færð til eignar með sama hætti og önnur verðbréf með föstum tekjum.

## 15. Skiptasamningar

Skiptasamningar samanstanda af gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningum. Almennt eru samningarnir færðir til eignar eða skuldar miðað við nettó stöðu samkvæmt árslokayfirlitum mótaðila. Samningunum er ætlað að draga úr gjaldeyrisáhættu vegna erlendra verðbréfa og eru þeir því færðir meðal verðbréfa með breytilegum tekjum.

Í árslok samanstanda skiptasamningar einungis af samningum sem gerðir voru við hina föllnu íslensku banka. Samningarnir eru fallnir á gjalddaga, en óvíst er hvenær þeir verða gerðir upp og hver sú fjárhæð verður. Ástæðan er ágreiningur við bankana um við hvaða gengi íslensku krónunnar skuli miða. Landsamtök lífeyrissjóða eiga fyrir hönd lífeyrissjóða í viðræðum við bankana um hvernig ljúka eigi þessum samningum, en það hefur lítið þokast í þeim viðræðum á þessu ári.

# Skýringar

Í ársreikningi þessum eru skiptasamningar við hina föllnu banka metnir á gengisvísitölunni 175. Er það samkvæmt tilmælum frá Landsamtökum lífeyrissjóða og óbreytt frá ársbyrjun. Til frádráttar eru færð skuldabréf útgefin af viðkomandi bönkum, enda hefur sjóðurinn óskað skuldajöfnunar.

## 16. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Miðgengi Seðlabanka Íslands greinist þannig:

	Mynt	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
		2009	2008	31.12.2009	31.12.2008
Evra.....	EUR	172,67	127,46	179,88	169,97
Bandaríkjadollar.....	USD	123,59	88,07	124,90	120,87
Japanskt jen.....	JPY	1,32	0,86	1,35	1,34
Svissneskur franki.....	CHF	114,32	80,69	121,26	113,92
Sterlingspund.....	GBP	193,89	159,35	201,60	175,43
Sænsk króna.....	SEK	16,30	13,20	17,52	15,56
Dönsk króna.....	DKK	23,19	17,09	24,17	22,81

## 17. Kröfur

Kröfur á launagreiðendur og aðrar kröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

## 18. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## III) Sundurliðanir

### 19. Lífeyrir

Lífeyrir greinist þannig:

	Sameign	Séreign	Samtals 2009	Samtals 2008
Ellilífeyrir.....	265.481.937	111.632.871	377.114.808	223.243.641
Örorkulífeyrir.....	191.870.483	1.522.977	193.393.460	134.565.469
Barnalífeyrir.....	26.053.473	0	26.053.473	22.052.340
Makalífeyrir.....	23.622.818	0	23.622.818	17.415.328
Erfðagreiðslur.....	0	3.518.587	3.518.587	3.063.492
Fyrirframgreiddur lífeyrir.....	0	62.631.252	62.631.252	0
	<u>507.028.711</u>	<u>179.305.687</u>	<u>686.334.398</u>	<u>400.340.270</u>

### 20. Tekjur (gjöld) af eignarhlutum

Tekjur (gjöld) af eignarhlutum greinast þannig:

	Sameign	Séreign	Samtals 2009	Samtals 2008
Af innlendum hlutabréfum.....	(4.716.753)	0	(4.716.753)	(904.383.968)
Af erlendum hlutabréfum.....	<u>(1.747.650)</u>	<u>15.518</u>	<u>(1.732.132)</u>	<u>(641.887)</u>
	<u>(6.464.403)</u>	<u>15.518</u>	<u>(6.448.885)</u>	<u>(905.025.855)</u>

# Skýringar

## 21. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:

	Sameign		Séreign		Samtals 31.12.2009
	Innlend	Erlend	Innlend	Erlend	
Af verðb. með breyt. tekjur	(157.258.010)	1.029.799.641	(5.054.574)	49.328.954	916.816.011
Af verðb. með fast. tekjur...	2.644.310.183	0	70.604.834	0	2.714.915.017
Af veðlánnum.....	811.488.335	0	0	0	811.488.335
Af bankainnistæðum.....	235.940.092	0	27.244.898	0	263.184.990
Af kröfum.....	6.264.269	0	(947.648)	0	5.316.621
Af skiptasamningum.....	0	12.040.400	0	(160.265)	11.880.135
Niðurfærsla.....	(931.748.380)	0	0	0	(931.748.380)
	<u>2.608.996.489</u>	<u>1.041.840.041</u>	<u>91.847.510</u>	<u>49.168.689</u>	<u>3.791.852.729</u>

